STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1975

AUGLÝSING

um framlengingu samkomulags milli Íslands og Danmerkur varðandi landanir á síld.

Með orðsendingaskiptum milli sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn og danska utanríkisráðuneytisins hinn 18. nóvember 1974 og 2. janúar 1975 var samkomulagið milli Íslands og Danmerkur um síldarlandanir, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 4/1974, framlengt til 31. desember 1975.

Sú breyting verður þó á skilyrðum samkomulagsins, að nú gildir allt árið bann við löndun síldar veiddrar vestan línu sem hugsast dregin milli Hanstholm- og Lindesnæs-vita.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. janúar 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

30. janúar 1975. Nr. 2.

AUGLÝSING

um breyting á viðskipta- og greiðslusamningi Íslands og Sovétríkjanna frá 1953.

Með orðsendingaskiptum í Moskvu hinn 21. janúar 1975 var gengið frá þeirri breytingu á 7. grein viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Sovétríkjanna frá 1. ágúst 1953 (sjá Samningar Íslands við erlend ríki II, bls. 1238—1240), að yfirdráttarheimild samkvæmt samningnum skuli frá 1. janúar 1975 að telja takmarkast við 390 milljónir íslenskra króna í stað 10 milljónir króna áður.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. janúar 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.